

## **Árshlutareikningur Jeratúns ehf. 1. janúar – 30. júní 2021.**

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Árshlutareikningur Jeratúns ehf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2021 var staðfestur af stjórn félagsins í dag, 26. ágúst 2021.

Jeratún ehf. er einkafyrirtæki í eigu Grundarfjarðarbæjar, Helgafelssveitar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og bera þau ábyrgð á skuldbindingum þess. Hlutverk félagsins er bygging og rekstur skólahúsnaðis Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði. Starfsemi félagsins flokkast því undir að vera á vettvangi sveitarfélaga.

Hagnaður félagsins á fyrri hluta ársins 2021 nam 18.014 þús. kr. og í lok tímabilsins var eigið fé jákvætt um sem nam 306.782 þús. kr. samkvæmt árshlutareikningi. Hlutafé var ekki aukið á tímabilinu.

Stjórn félagsins vekur athygli á áritun óháðs endurskoðanda sem er með ábendingu.

Lántaka félagsins er vegna fjármögnum framkvæmda við Fjölbautaskóla Snæfellinga. Sveitarfélögin ásamt ríkinu greiða húsaleigu sem á að standa undir afborgunum og vöxtum af lánum. Í lok tímabilsins námu eftirstöðvar lána um 126 millj. kr. og voru eftirstöðvar í skilum. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á greiðslu lánanna.

Félagið er með leigusamning við menntamálaráðuneytið og sveitarfélögin á Snæfellsnesi vegna fasteignarinnar til 31. júlí 2024. Núverandi leigugreiðslur eru 71.994 þús. kr. á ársgrundvelli og eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs.

Jakob B. Jakobsson, er stjórnarformaður Jeratúns ehf. og veitir frekari upplýsingar um starfsemi þess og stöðu.